

Hvatning til lífeyrissjóða um að halda að sér höndum við gjaldeyriskaup

Þann 17. mars 2020 var haldinn fundur stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóra sjóðanna með seðlabankastjóra Íslands. Í kjölfar þess fundar ákvað stjórn LL að senda frá sér hvatningu til lífeyrissjóða um að halda að sér höndum um gjaldeyriskaup næstu þrjá mánuðina. Sjóðirnir sýndu mikla samstöðu og áttu ekki í viðskiptum sem kölluðu á gjaldeyrisviðskipti að frátöldum nauðsynlegum gjaldeyriskaupum til að standa við þegar gerðar skuldbindingar sínar.

Seðlabankastjóri hefur nú að nýju átt fundi með stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjórum þar sem farið var yfir stöðuna í efnahagsmálum. Var það mat seðlabankastjóra að lífeyrissjóðirnir hefðu með samstöðu í þessum efnum sýnt mikla samfélaglega ábyrgð. Seðlabankastjóri metur efnahagshorfur nú með þeim hætti að mikilvægt sé að framlengja samkomulagið um þrjá mánuði. Landssamtök lífeyrissjóða vilja því hvetja lífeyrissjóði landsins til að halda að sér höndum við gjaldeyriskaup með sama hætti og verið hefur næstu þrjá mánuðina.

Reykjavík, 15. júní 2020

Guðrún Hafsteinsdóttir,
formaður stjórnar LL